

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 2. janúar 2023

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs, mál nr. 243/2022.

Bændasamtök Íslands gera eftirfarandi athugasemdir við reglugerðardrögin:

Um 2. gr. reglugerðarinnar:

Samtökin benda á að ákvæðið er ekki lýsandi fyrir gildissvið reglugerðarinnar þar sem ekki er minnst á þær undanþágur sem lögfestar eru í 2. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Samtökin vilja þessu til stuðnings í dæmaskyni benda á eftirfarandi úr nefndarálitni meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar vegna breytinga m.a. á lögum um meðhöndlun úrgangs, dags. 7. júní 2021, en þar segir:

Úrgangur frá sláturhúsum og vinnslustöðvum.

Fyrir nefndinni kom fram að á hverju ári er umtalsvert magn af úrgangi frá sláturhúsum, t.d. gor og annað sem er ónothæft til vinnslu, urðað eða brennt en ekki verður séð að fyrir gildistöku laganna verði unnt að tryggja innviði til að taka við þessum úrgangi skv. 12. gr. frumvarpsins um sérstaka söfnun og flokkun úrgangs. Meiri hlutinn bendir á að lífúrgangur er skilgreindur með þeim hætti í frumvarpinu að úrgangur frá sláturhúsum fellur ekki þar undir og verður því áfram heimilt að urða tiltekinn úrgang frá sláturhúsum.

Um 3. gr. reglugerðarinnar:

Flestar þær skilgreiningar sem taldar eru upp í 3. gr. reglugerðarinnar eru orðrétt skrifaðar upp úr gildandi lögum. Slíkt er óþarft auk þess sem það býður upp á mikla hættu á misræmi milli laga og reglugerðarinnar.

Um 13. gr. reglugerðarinnar:

Samtökin telja að 2. másl. greinarinnar þ.e. *Þetta gildir einnig um úrgang frá landbúnaði nema reglugerð kveði á um annað* sé eða geti verið í ósamræmi við gildissvið þeirra laga sem reglugerðin byggir á.

Um 15. gr. reglugerðarinnar:

Í greininni segir m.a. að meðhöndlun á sýktu heyi, dýrahæjum, smitandi sláturútgangi [...] skal vera á viðunandi hátt. Telja samtökin að nánari skýringar þurfi á því hvað telst vera viðunandi meðhöndlun og hvað sé nákvæmlega átt við með dýrahæjum.

Að öðru leiti taka Bændasamtökin undir þær athugasemdir sem raktar eru í umsögn MAST um sama mál.

Að framansögðu verður að beina því til ráðuneytisins að tryggja fyrirsjáanleika og óþarfa flækjustig í regluverkinu. Þannig er afar mikilvægt að rekstraraðilar í landbúnaði og landbúnaðartengdri starfsemi lendi ekki í vandræðum með að losa sig við úrgang frá starfsemi sinni vegna misvísandi ákvæða í reglugerðum og lögum.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur